

## Svar

### mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um rekstur háskóla.

Heildstæðar upplýsingar til að svara sundurliðuðum spurningum í þessari fyrirspurn eru ekki fyrir hendi á einum stað og í sumum tilfellum eru þær ekki til yfir höfuð. Dregið hefur verið saman tiltækt efni og er vísað til þess í eftirfarandi texta, töflu og í 10 viðaukum sem fylgja svarinu.

1. *Hver var fjöldi nýnema og fjöldi útskrifaðra nemenda á hverri önn í hverri deild í hverjum háskóla fyrir sig sl.10 ár?*

Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir fjölda nýnema og brautskráningar 2008–2015. Tölur fyrir 2016 og 2017 eru ekki tiltækar en Hagstofa Íslands vinnur nú að því að safna þeim. Tölur um nýnema árið 2011 vantar.

Tölur um nýnema árin 2008–2010 eru frá Hagstofu Íslands. Ráðuneytið safnaði tölum um háskóla á árunum 2012–2015 vegna þess að þær voru ekki tiltækar hjá Hagstofunni. Nokkur munur er á tölunum eftir uppruna. Hagstofa Íslands getur rakið hvort einstaklingur sem innritar sig í skóla hafi stundað nám áður á sama skólastigi, óháð skóla og námsbraut. Hugtakið „nýnemi“ í tölum Hagstofunnar vísar því til nema sem hefur nám í fyrsta sinn í háskóla hér á landi. Hins vegar miðast tölur ráðuneytis við nemendur sem eru að hefja nám á viðkomandi námsbraut í fyrsta sinn. Þar af leiðandi getur sami einstaklingur verið nýnemi oft en einu sinni í tölum ráðuneytis (t.d. ef hann skiptir um námsbraut eða skóla) en svo er ekki í tölum Hagstofunnar.

Ekki eru til tölur um brautskráningar brotnar niður á misseri. Tölur um brautskráningar fyrir árin 2008–2013 eru frá Hagstofu Íslands og miðast við skólaár, þ.e. 2007/2008 til 2012/2013. Tölur fyrir árin 2014 og 2015 eru frá ráðuneytinu og miðast við almanaksár.

#### Fjöldi nýnema og brautskráðra úr háskólum á Íslandi 2008–2015.

| Ár   | Nýnemar | Brautskráðir |
|------|---------|--------------|
| 2008 | 3.667   | 3.458        |
| 2009 | 4.372   | 4.007        |
| 2010 | 3.898   | 4.234        |
| 2011 |         | 4.019        |
| 2012 | 5.287   | 3.940        |
| 2013 | 5.360   | 4.068        |
| 2014 | 5.064   | 4.363        |
| 2015 | 5.476   | 4.496        |

Í viðauka I má sjá nánari skiptingu á nýnemum á milli háskóla úr gögnum ráðuneytis, þ.e. árin 2012–2015. Skipting milli deilda er ekki til, en sýnd er skipting á milli námsstiga.

Í viðauka II má sjá skiptingu á brautskráningum á milli háskóla og námsstiga úr gögnum ráðuneytis, þ.e. árin 2012–2015.

2. *Hvernig skiptist árlegt fjármagn milli deilda/sviða háskólanna samkvæmt reiknilíkani ráðuneytisins árin 2017 og 2018?*

Reiknilíkan ráðuneytisins er notað til að reikna út skiptingu á kennslufjárveitingum til háskóla niður á reikniflokka en ekki deildir og svið. Námsgreinum í háskólum er skipt niður á fimmtán reikniflokka. Háskólar fá greidda eina upphæð sem þeir svo deila sjálfir á milli deilda og sviða. Skipting háskólanna á fjármagni til kennslu annars vegar og rannsókna hins vegar er því ekki endilega sú sama og gert er ráð fyrir í fjárveitingum ráðuneytisins, enda er niðurstaða ráðuneytis aðeins áætlun (sjá nánar um reiknilíkan háskóla í svari við 4. tölul. fyrirspurnarinnar).

Í viðauka III má sjá hvernig fjárveitingum til kennslu var skipt niður á háskóla og reikniflokka árin 2017 og 2018.

Á síðustu árum hafa háskólar einnig fengið greidd útskriftarframlög á grundvelli reiknilíkansins. Þetta er aðeins lítill hluti af heildarfjárveitingu til kennslu, eða minna en 5%. Útskriftarframlögin eru reiknuð á grundvelli fjölda brautskráninga tveggja síðustu ára, brotið niður á stig. Greitt er mismunandi verð fyrir bakkalárstig, meistarastig og doktorsstig.

Í viðauka IV má sjá hvernig þessi framlög skiptust milli háskóla á árunum 2017 og 2018.

3. *Hvaða áhrif hafði nemendafjöldi á fjárframlög til hvers háskóla árin 2017 og 2018?*

Frá innleiðingu reiknilíkansins um aldamótin 2000 og fram til ársins 2011 lækkaði verð reikniflokka töluvert að raunvirði. Lítil breyting var á verðflokkum að raunvirði á milli 2011 og 2016. Á fjárlagaárinu 2016 var ákveðið að halda reiknuðum fjölda ársnemenda í fjárlögum stöðugum til að unnt væri að nýta svigrúm í fjárveitingum til að hækka verðflokka. Markmiðið var að fjármagnið nýttist til að efla gæði kennslu fremur en til að hvetja til frekari stækkunar á kerfinu. Var þetta einnig gert á árunum 2017 og 2018. Breytingar í nemendafjölda hafa því ekki haft áhrif á fjárframlög á árunum 2017 og 2018.

4. *Hvernig sundurliðast árlegur kostnaður háskólanna eftir önnum samkvæmt reiknilíkani ráðuneytisins sl. 10 ár, að meðtöldu árinu 2018 samkvæmt áætlun fjárlaga?*

Reiknilíkan háskóla er tæki til að deila fjármagni til kennslu á milli stofnana. Í líkaninu felst ekki sundurliðun kostnaðar eða eiginlegt mat á raunkostnaði. Stíkar í líkaninu, þ.e. fjöldi ársnema og brautskráninga, snúa að útkomu háskólastarfs fremur en aðföngum til starfsins. Verðflokkar líkansins fela þó í sér ákveðna kostnaðarhugsun því markmið þeirra er að taka tillit til þess að ólíkur kostnaður liggur að baki kennslu í ólíkum námsgreinum. Þetta kemur til af því að þarfir greina eru ólíkar með tilliti til skipulags náms, tækjabúnaðar, aðstöðu, verkefnatíma, einstaklingskennslu o.s.frv. Verðflokkarnir byggjast þó ekki á greiningu á raunkostnaði við kennslu á hverjum tíma heldur á ákveðnum almennum forsendum sem settar voru í upphafi. Háskólarnir fá greidda eina upphæð, sem felur í sér framlag til kennslu, rannsókna og annarrar starfsemi. Það er á ábyrgð háskólanna að dreifa fjármagninu innan sinna veggja og eru þeir óbundnir af skiptingu ráðuneytis á milli verðflokka og á milli kennsluframlags og rannsóknarframlags. Ákvarðanir um kennsluframlög eru á ársgrundvelli en skiptast ekki niður á misseri.

Benda má á að innleiðing reiknilíkans háskóla árið 1999 markaði þá grundvallarbreytingu að fjárveitingar voru látnar fylgja nemendum en ekki fjölda stöðugilda, launum, aðstæðum, kostnaðarhegðun o.s.frv. eins og áður. Með breytingunni var rekstrarlegt sjálfstæði háskólanna aukið og þeim falin ríkari ábyrgð á því að aðlaga reksturinn að fjárveitingum og halda honum innan þeirra.

Við útreikning á framlögum til kennslu í hverjum skóla er jafnan notaður veginn meðalfjöldi ársnema á síðustu árum og spá fyrir yfirstandandi ár. Rauntölur ársins á undan veiga 20%, rauntölur yfirstandandi árs veiga 60% og áætlun fyrir næsta ár vegur 20%. Frá og með árinu 2016 hafa breytingar í nemendafjölda þó ekki haft áhrif á niðurstöðuna eins og útskýrt er í svari við 3. tölul. fyrirspurnarinnar.

Í viðauka V má finna upplýsingar um skiptingu kennsluframlaga til hvers háskóla samkvæmt reiknilíkani eins og þau birtast í fjárlagafrumvarpi hvers árs fyrir tímabilið 2008–2015.

5. *Hver hefur verið árleg úthlutun af safnliðum ráðuneytisins eftir háskólum sl. 10 ár og hverjar eru forsendur úthlutunar hvers árs?*

Í viðauka VI má finna upplýsingar um árlegar úthlutanir af safnliðum ráðuneytisins til háskóla á árunum 2008–2017. Í heildina er úthlutunin tæplega 1,2 milljarðar kr. Í viðauka VII má sjá að þar af er rúmlega 1,1 milljarður kr. vegna ákvarðana sem fram koma á fjárlögum og um 60 millj. kr. vegna styrkja til ákveðinna verkefna sem tekin var ákvörðun um í ráðuneytinu.

6. *Hver var árlegur kostnaður sömu skóla samkvæmt ríkisreikningi og hver er helsta skýring árlegs fráviks í rekstri hvers skóla frá kostnaðarmati samkvæmt reiknilíkaninu?*

Árið 2016 var 437,9 millj. kr. halli af rekstri opinberra háskóla í heild, eða sem nemur 2,6% af heildarfjárheimildum þeirra. Uppgjöri ársins 2017 er ekki að fullu lokið en ljóst er að afkoma þriggja þeirra verður jákvæð. Horfur eru á halli verði á rekstri Háskólans á Hólum. Nánari upplýsingar um rekstrarafkomu opinberra háskóla 2008–2016 og áætlun fyrir 2017 má finna í viðauka VIII.

Ráðuneytið hefur virkt eftirlit með rekstri skólanna og gefur fjármála- og efnahagsráðuneytinu ársfjórðungslega skýringar á frávikum í rekstri stofnana. Miðað hefur verið við að leita skýringa þegar útgjöld stofnunar eru 4% umfram fjárheimild eða hærri.

Jafnvægi var í rekstri Háskóla Íslands á árunum 2008–2014. Á árunum 2015 og 2016 varð nokkur halli á rekstrinum, aðallega vegna þess að laun hækkuðu umfram þær launabætur sem skólinn fékk á fjárlögum. Þess skal geta að um 300 millj. kr. af rekstrarhalla ársins 2016 má rekja til gengistaps.

Rekstur Háskólans á Akureyri hefur verið í góðu jafnvægi á undanförunum árum.

Landbúnaðarháskóli Íslands glímdi við svo til samfelldan rekstrarhalla á árunum 2008–2014. Á árinu 2014 var gripið til róttækra skipulags- og hagræðingaraðgerða sem skiluðu bættri afkomu. Jafnvægi náðist í rekstrinum á árinu 2015 og hefur skólinn verið rekinn innan fjárveitinga síðan. Þrátt fyrir að uppgjóri fyrir árið 2017 sé ekki lokið er ljóst að verulegur afgangur verður af rekstrinum. Rekstrarafgangi verður að stærstum hluta varið til endurbóta á húsnæði skólans að Reykjum í Ölfusi, en töluverðar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu 2018.

Háskólinn á Hólum hefur glímt við langvarandi rekstrarvanda. Þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir stjórnenda og viðleitni ráðuneytisins hefur ekki enn tekist að stöðva hallareksturinn. Þó hefur dregið töluvert úr honum. Skólinn er lítill og reksturinn er því afar viðkvæmur fyrir óvæntum

áföllum. Ráðuneytið hækkaði fjárveitingu skólans með sértækum hætti árin 2017 og 2018 til að efla stoðþjónustu.

*7. Hvert var brottfall nemenda á hverri önn og hvernig skilgreinir ráðherra brottfall úr háskóla?*

Skilgreiningar á brottþvarfi nemenda úr námi er ekki að finna í lögum eða reglugerðum. Ekki er fylgst með brottþvarfi úr háskólum hér á landi með kerfisbundnum hætti, þó vera megi að einstaka háskólar vakti brottþvarf hjá sér.

Ráðuneytið fjallar um brottþvarf aðallega með tvennum hætti:

Í fyrsta lagi má nefna endurkomuhlutfall. Með hugtakinu er vísað til þess hvort nemandi sem ekki hefur lokið námi mæti aftur til náms næsta skólaár. Ráðuneytið safnaði upplýsingum um endurkomuhlutfall háskóla á árunum 2012–2015. Árið 2015 var það 71% hjá Háskóla Íslands, 64% hjá Háskólanum á Akureyri, 67% hjá Háskólanum í Reykjavík, 85% hjá Háskólanum á Bifröst, 77% hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, 88% hjá Háskólanum á Hólum og 92% hjá Listaháskóla Íslands.

Í öðru lagi má horfa til brautskráninga til að kanna hversu vel nemendur skila sér gegnum skólakerfið með því að skoða brautskráningarhlutfall. Vísar hugtakið til hlutfalls af hópi nýnema sem ljúka námi á tilætluðum tíma. Hagstofa Íslands hefur gert kannanir á námsloka-hlutfalli í samstarfi við Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD). Nýjustu tölur um brautskráningarhlutfall frá Hagstofu Íslands benda til þess að um 70% þeirra sem hefja nám í háskóla ljúki háskólagráðu á innan við tíu árum.

*8. Er marktækur munur á brottfalli milli deilda í opinberum háskólum? Ef svo er, hver er munurinn?*

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um brottfall nemenda í einstökum deildum opinberra háskóla.

*9. Hver var árlegur kostnaður hvers háskóla vegna brottfallinna nemenda og hvernig er sá kostnaður gerður upp?*

Ráðuneytið tekur ekki saman kostnað háskóla vegna brottfalls og er ekki kunnugt um hvort háskólar meti slíkan kostnað. Af hálfu ráðuneytisins fer ekki fram sérstakt uppgjör vegna brottfalls nemenda.

*10. Hvað kostaði hver útskriftarnemi á önn að meðaltali hjá hverjum skóla sl. 10 ár?*

Ráðuneytið býr ekki yfir upplýsingum um kostnað háskólanna við hvern útskriftarnema.

Í viðauka IX má finna upplýsingar um gjöld háskóla á hvern ársnema á árunum 2000–2016 á verðlagi ársins 2017.

*11. Hver var áætlaður kostnaður við hvern nemanda samkvæmt verðflokkum ráðuneytisins, með og án frádráttarliða árin 2017 og samkvæmt áætlun fjárlaga 2018?*

Í viðauka X má finna upplýsingar um áætlaðan kostnað fyrir hvern ársnema árin 2017 og 2018 eftir verðflokkum reiknilíkans ráðuneytisins.

Viðaukar:

**Viðauki I. Nýnemar eftir skólum og námsstigum 2012–2015.**

| Ár   | Námsstig        | HÍ          | HA         | HR          | HB         | LBHÍ      | HH         | LHÍ        | Samtals     |
|------|-----------------|-------------|------------|-------------|------------|-----------|------------|------------|-------------|
| 2015 | <b>Alls</b>     | <b>2642</b> | <b>753</b> | <b>1524</b> | <b>193</b> | <b>59</b> | <b>115</b> | <b>190</b> | <b>5476</b> |
|      | Grunndiplóma    | 160         | 10         | 171         |            |           | 55         | 1          | 397         |
|      | Bakkalárstig    | 2213        | 604        | 955         | 115        | 48        | 57         | 151        | 4143        |
|      | Viðbótardiplóma | 80          | 61         |             |            |           |            |            | 141         |
|      | Meistarastig    | 159         | 78         | 395         | 78         | 11        | 3          | 38         | 762         |
|      | Doktorsstig     | 30          |            | 3           |            |           |            |            | 33          |
| 2014 | <b>Alls</b>     | <b>2625</b> | <b>639</b> | <b>1292</b> | <b>246</b> | <b>56</b> | <b>61</b>  | <b>145</b> | <b>5064</b> |
|      | Grunndiplóma    | 139         | 1          | 116         |            |           | 19         |            | 275         |
|      | Bakkalárstig    | 2226        | 470        | 861         | 117        | 49        | 41         | 112        | 3876        |
|      | Viðbótardiplóma | 52          | 16         |             | 1          |           |            |            | 69          |
|      | Meistarastig    | 179         | 152        | 310         | 128        | 7         | 1          | 33         | 810         |
|      | Doktorsstig     | 29          |            | 5           |            |           |            |            | 34          |
| 2013 | <b>Alls</b>     | <b>2947</b> | <b>539</b> | <b>1419</b> | <b>123</b> | <b>74</b> | <b>97</b>  | <b>161</b> | <b>5360</b> |
|      | Grunndiplóma    | 153         | 7          | 168         |            |           | 39         | 2          | 369         |
|      | Bakkalárstig    | 2530        | 400        | 920         | 87         | 64        | 52         | 118        | 4171        |
|      | Viðbótardiplóma | 64          | 10         |             |            |           |            | 4          | 78          |
|      | Meistarastig    | 184         | 122        | 325         | 36         | 9         | 6          | 37         | 719         |
|      | Doktorsstig     | 16          |            | 6           |            | 1         |            |            | 23          |
| 2012 | <b>Alls</b>     | <b>2844</b> | <b>559</b> | <b>1498</b> | <b>135</b> | <b>40</b> | <b>83</b>  | <b>128</b> | <b>5287</b> |
|      | Grunndiplóma    | 108         | 3          | 187         |            |           | 38         | 2          | 338         |
|      | Bakkalárstig    | 2487        | 452        | 915         | 117        | 28        | 41         | 96         | 4136        |
|      | Meistarastig    | 235         | 104        | 388         | 18         | 11        | 4          | 30         | 790         |
|      | Doktorsstig     | 14          |            | 8           |            | 1         |            |            | 23          |

**Viðauki II. Brautskráningar eftir skólum og námsstigum 2012–2015.**

| Ár   | Námsstig        | HÍ          | HA         | HR         | HB         | LBHÍ      | HH        | LHÍ        | Samtals     |
|------|-----------------|-------------|------------|------------|------------|-----------|-----------|------------|-------------|
| 2015 | <b>Alls</b>     | <b>3044</b> | <b>354</b> | <b>738</b> | <b>116</b> | <b>31</b> | <b>70</b> | <b>143</b> | <b>4496</b> |
|      | Grunndiplóma    | 79          |            | 52         |            |           | 32        | 1          | 164         |
|      | Bakkalárstig    | 1623        | 241        | 450        | 71         | 20        | 37        | 105        | 2547        |
|      | Viðbótardiplóma | 366         | 46         |            |            |           |           | 1          | 413         |
|      | Meistarastig    | 913         | 67         | 232        | 45         | 11        | 1         | 36         | 1305        |
|      | Doktorsstig     | 63          |            | 4          |            |           |           |            | 67          |
| 2014 | <b>Alls</b>     | <b>2987</b> | <b>335</b> | <b>706</b> | <b>77</b>  | <b>39</b> | <b>88</b> | <b>131</b> | <b>4363</b> |
|      | Grunndiplóma    | 64          | 1          | 57         |            |           | 34        | 2          | 158         |
|      | Bakkalárstig    | 1640        | 216        | 409        | 46         | 26        | 52        | 85         | 2474        |
|      | Viðbótardiplóma | 304         | 25         |            | 3          |           |           | 5          | 337         |
|      | Meistarastig    | 897         | 93         | 236        | 28         | 10        | 2         | 39         | 1305        |
|      | Doktorsstig     | 82          |            | 4          |            | 3         |           |            | 89          |

| Ár   | Námsstig        | HÍ          | HA         | HR         | HB         | LBHÍ      | HH        | LHÍ        | Samtals     |
|------|-----------------|-------------|------------|------------|------------|-----------|-----------|------------|-------------|
| 2013 | <b>Alls</b>     | <b>2717</b> | <b>292</b> | <b>648</b> | <b>141</b> | <b>37</b> | <b>84</b> | <b>149</b> | <b>4068</b> |
|      | Grunddiplóma    | 64          |            | 56         | 1          |           | 50        | 1          | 172         |
|      | Bakkalárstig    | 1650        | 214        | 462        | 90         | 27        | 33        | 118        | 2594        |
|      | Viðbótardiplóma | 252         | 13         |            |            |           |           | 6          | 271         |
|      | Meistarastig    | 699         | 65         | 126        | 50         | 9         | 1         | 24         | 974         |
|      | Doktorsstig     | 52          |            | 4          |            | 1         |           |            | 57          |
| 2012 | <b>Alls</b>     | <b>2813</b> | <b>284</b> | <b>728</b> | <b>247</b> | <b>35</b> | <b>91</b> | <b>113</b> | <b>4311</b> |
|      | Grunddiplóma    | 44          |            | 82         | 3          |           | 58        | 1          | 188         |
|      | Bakkalárstig    | 1628        | 216        | 415        | 155        | 26        | 32        | 101        | 2573        |
|      | Meistarastig    | 1103        | 68         | 228        | 89         | 9         | 1         | 11         | 1509        |
|      | Doktorsstig     | 38          |            | 3          |            |           |           |            | 41          |

### Viðauki III. Fjárveitingar til kennslu árin 2017 og 2018 eftir reikniflokkum og háskólum.

| Háskóli Íslands   | 2017             | 2018             |
|---|------------------|------------------|
| Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað hliðstætt nám         | 3.000.237        | 3.584.839        |
| Nám á sviði tölvunarfræði og stærðfræði og annað hliðstætt nám                          | 337.703          | 363.435          |
| Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu                        | 1.478.500        | 1.674.127        |
| Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem felst m.a. í þjálfun í meðhöndlun sjúklinga           | 663.116          | 855.904          |
| Nám í raunvísindum, verk- og tæknifræði sem krefst verklegra æfinga og sérhæfðs búnaðar | 2.230.908        | 2.286.497        |
| Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun        | 668.511          | 791.491          |
| Nám í tannlækningum   | 181.733          | 224.749          |
| <b>Kennsluframlag samtals (þús. kr.):</b>   | <b>8.560.709</b> | <b>9.781.043</b> |
| <b>Háskólinn á Akureyri</b>   | <b>2017</b>      | <b>2018</b>      |
| Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað hliðstætt nám         | 412.238          | 493.552          |
| Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu                        | 200.154          | 217.990          |
| Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem felst m.a. í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga         | 558.156          | 650.370          |
| Nám í raunvísindum, verk- og tæknifræði sem krefst verklegra æfinga og sérhæfðs búnaðar | 156.161          | 175.002          |
| <b>Kennsluframlag samtals (þús. kr.):</b>   | <b>1.326.708</b> | <b>1.536.914</b> |
| <b>Landbúnaðarháskóli Íslands</b>   | <b>2017</b>      | <b>2018</b>      |
| Nám í raunvísindum, verk- og tæknifræði sem krefst verklegra æfinga og sérhæfðs búnaðar | 219.352          | 188.964          |
| Starfsmenntanám í Landbúnaðarháskóla Íslands  | 255.455          | 341.215          |
| <b>Kennsluframlag samtals (þús. kr.):</b>   | <b>474.807</b>   | <b>530.179</b>   |
| <b>Hólaskóli – Háskólinn á Hólum</b>  | <b>2017</b>      | <b>2018</b>      |
| Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað hliðstætt nám         | 79.301           | 90.501           |

|   |                  |                  |
|---|------------------|------------------|
| Nám í raunvísindum, verk- og tæknifræði sem krefst verklegra æfinga og sérhæfðs búnaðar | 32.383           | 34.632           |
| Hestafræði í Hólaskóla – Háskólanum á Hólum   | 103.880          | 117.227          |
| <b>Kennsluframlag samtals (þús. kr.):</b>   | <b>215.564</b>   | <b>242.360</b>   |
| <b>Háskólinn á Bifröst</b>  | <b>2017</b>      | <b>2018</b>      |
| Aðfaranám að námi á háskólastigi  | 64.627           | 57.572           |
| Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað hliðstætt nám         | 256.026          | 311.783          |
| <b>Kennsluframlag samtals (þús. kr.):</b>   | <b>320.653</b>   | <b>369.355</b>   |
| <b>Háskólinn í Reykjavík</b>  | <b>2017</b>      | <b>2018</b>      |
| Aðfaranám að námi á háskólastigi  | 143.669          | 123.556          |
| Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað hliðstætt nám         | 649.801          | 791.843          |
| Nám á sviði tölvunarfræði og stærðfræði og annað hliðstætt nám                          | 549.437          | 634.837          |
| Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu                        | 140.515          | 134.885          |
| Nám í raunvísindum, verk- og tæknifræði sem krefst verklegra æfinga og sérhæfðs búnaðar | 1.085.159        | 1.132.281        |
| <b>Kennsluframlag samtals (þús. kr.):</b>   | <b>2.568.581</b> | <b>2.817.402</b> |
| <b>Listaháskóli Íslands</b>   | <b>2017</b>      | <b>2018</b>      |
| Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu                        | 41.148           | 45.989           |
| Nám í raunvísindum, verk- og tæknifræði sem krefst verklegra æfinga og sérhæfðs búnaðar | 29.448           | 31.496           |
| Listnám – myndlist  | 191.675          | 189.469          |
| Listnám – danslist  | 42.876           | 43.316           |
| Listnám – tónlist   | 215.028          | 253.830          |
| Listnám – leiklist  | 75.550           | 79.891           |
| Listnám – hönnun og arkitektúr  | 288.002          | 303.830          |
| <b>Kennsluframlag samtals (þús. kr.):</b>   | <b>883.728</b>   | <b>947.820</b>   |

#### **Viðauki IV. Útskriftarframlög árin 2017 og 2018 eftir háskólum.**

| <b>Skóli/ár</b>                                   | <b>2017</b>    | <b>2018</b>    |
|---|----------------|----------------|
| Háskóli Íslands                                   | 426.850        | 417.575        |
| Háskólinn á Akureyri                              | 44.025         | 48.775         |
| Landbúnaðarháskóli Íslands                        | 5.925          | 4.800          |
| Hólaskóli – Háskólinn á Hólum                     | 6.825          | 5.800          |
| Háskólinn á Bifröst                               | 12.575         | 15.975         |
| Háskólinn í Reykjavík                             | 92.125         | 104.950        |
| Listaháskóli Íslands                              | 18.175         | 20.500         |
| <b>Brautskráningarframlög samtals (þús. kr.):</b> | <b>606.500</b> | <b>618.375</b> |

### Viðauki V. Kennsluframlög til háskóla á tímabilinu 2008–2018.

| Skóli/ár                                      | 2008           | 2009           | 2010           | 2011           | 2012            |
|---|----------------|----------------|----------------|----------------|-----------------|
| Háskóli Íslands                               | 5.335,6        | 6.102,9        | 6.044,0        | 5.708,4        | 6.169,8         |
| Háskólinn á Akureyri                          | 883,7          | 982,2          | 915,3          | 855,6          | 895,5           |
| Landbúnaðarháskóli Íslands*                   | -              | -              | -              | 320,6          | 342,3           |
| Hólaskóli – Háskólinn á Hólum*                | -              | -              | -              | 141,1          | 148,6           |
| Háskólinn á Bifröst                           | 218,3          | 288,2          | 275,4          | 261,1          | 272,5           |
| Háskólinn í Reykjavík                         | 1.447,5        | 1.733,0        | 1.630,5        | 1.491,2        | 1.568,7         |
| Listaháskóli Íslands                          | 560,6          | 666,5          | 600,2          | 581,8          | 611,2           |
| <b>Framlag skv. reiknilíkani (millj. kr.)</b> | <b>8.445,7</b> | <b>9.772,8</b> | <b>9.465,4</b> | <b>9.359,8</b> | <b>10.008,6</b> |

\*Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum fluttust til mennta- og menningarmálaráðuneytis 2008 en kennsluframlög voru fyrst ákveðin samkvæmt reiknilíkani árið 2011.

| Skóli/ár                                      | 2013            | 2014            | 2015            | 2016            | 2017            | 2018            |
|---|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| Háskóli Íslands                               | 6.904,9         | 7.168,7         | 7.900,3         | 8.811,4         | 9.285,6         | 10.460,3        |
| Háskólinn á Akureyri                          | 967,2           | 1.018,9         | 1.097,9         | 1.252,8         | 1.400,5         | 1.615,5         |
| Landbúnaðarháskóli Íslands                    | 378,2           | 380,7           | 404,3           | 453,5           | 482,7           | 536,9           |
| Hólaskóli – Háskólinn á Hólum                 | 168,7           | 179,3           | 199,1           | 213,4           | 224,8           | 250,5           |
| Háskólinn á Bifröst                           | 266,9           | 232,2           | 244,0           | 272,5           | 299,8           | 352,3           |
| Háskólinn í Reykjavík                         | 1.674,6         | 1.697,5         | 2.063,3         | 2.347,0         | 2.473,9         | 2.736,3         |
| Listaháskóli Íslands                          | 703,7           | 717,9           | 745,6           | 831,7           | 873,5           | 938,5           |
| <b>Framlag skv. reiknilíkani (millj. kr.)</b> | <b>11.064,3</b> | <b>11.395,1</b> | <b>12.654,5</b> | <b>14.182,3</b> | <b>15.040,9</b> | <b>16.890,4</b> |

### Viðauki VI. Árleg úthlutun af safnliðum ráðuneytis til háskóla 2008–2017.

|   |                   |
|---|-------------------|
| <b>2008</b>   |                   |
| <b>Háskóli Íslands</b>  | <b>29.076.695</b> |
| Rekstur Landskrifstofu menntaáætlunar ESB – framlag á fjárlögum             | 19.552.975        |
| Styrkur vegna ráðstefnunnar Does Size Matter?                               | 300.000           |
| Styrkur vegna útgáfu íslenskrar Lögfræðiorðabókar                           | 4.000.000         |
| Styrkur vegna úttektar á Norrænu eldfjallastöðinni                          | 383.720           |
| Stuðningur til kennslu erlendra nema í íslenskum miðaldafræðum              | 3.240.000         |
| Stuðningur við rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins                    | 1.500.000         |
| Styrkur vegna norrænnar ráðstefnu háskólaskjalavarda á Íslandi              | 100.000           |
| <b>2009</b>   |                   |
| <b>Háskóli Íslands</b>  | <b>42.850.000</b> |
| Stuðningur til kennslu erlendra nema í íslenskum miðaldafræðum              | 1.000.000         |
| Stuðningur við rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins                    | 1.500.000         |
| Framlag vegna sumarnáms 2009 – framlag á fjárlögum                          | 40.000.000        |
| Styrkur vegna hátíðahalda í tilefni 200 ára fæðingarafmælis Charles Darwin  | 100.000           |
| Styrkur vegna ráðstefnu um efnahags-, umhverfis- og menntamál Kína          | 250.000           |
| <b>Háskólinn á Akureyri</b>   | <b>17.500.000</b> |
| Framlag vegna sumarnáms 2009 – framlag á fjárlögum                          | 10.000.000        |
| Samningur við LÍÚ um menntun og ranns. í sjávarútvegi – framlag á fjárlögum | 7.500.000         |
| <b>Háskólinn á Bifröst</b>  | <b>8.000.000</b>  |
| Framlag vegna sumarnáms 2009 – framlag á fjárlögum                          | 8.000.000         |
| <b>Listaháskóli Íslands</b>   | <b>7.500.000</b>  |
| Framlag vegna sumarnáms 2009 – framlag á fjárlögum                          | 7.500.000         |



|  |                    |
|--|--------------------|
| <b>Háskólinn í Reykjavík</b>   | <b>5.000.000</b>   |
| Framlag vegna sumarnáms 2009 – framlag á fjárlögum                         | 5.000.000          |
| <b>2010</b>  |                    |
| <b>Háskóli Íslands</b>   | <b>3.652.612</b>   |
| Stuðningur til kennslu erlendra nema í íslenskum miðaldafræðum             | 1.356.000          |
| Stuðningur við rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins                   | 753.612            |
| Styrkur vegna rannsóknarþings Verkfr.- og náttúruvísindasviðs              | 75.000             |
| Stuðningur til kennslu í ísl. miðaldafræðum til meistaranáms 2010–2011     | 1.368.000          |
| Styrkur vegna útgáfu bókar um þróun lífsins                                | 100.000            |
| <b>Háskólinn á Akureyri</b>  | <b>10.000.000</b>  |
| RES Orkuskólinn – lokagreiðsla   | 10.000.000         |
| <b>Listaháskóli Íslands</b>  | <b>10.000.000</b>  |
| Styrkur vegna verkefnis um hugmyndahús háskólanna                          | 10.000.000         |
| <b>Hólaskóli – Háskólinn á Hólum</b>                                       | <b>100.000</b>     |
| Styrkur vegna alþjóðlegrar ráðstefnu á Hólum                               | 100.000            |
| <b>Háskólinn í Reykjavík</b>   | <b>100.000</b>     |
| Styrkur vegna alþjóðlegrar ráðstefnu um máltækni                           | 100.000            |
| <b>2011</b>  |                    |
| <b>Háskóli Íslands</b>   | <b>127.276.126</b> |
| Stuðningur til kennslu erlendra nema í íslenskum miðaldafræðum             | 1.368.000          |
| Stuðningur við rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins                   | 2.256.843          |
| Styrkur vegna úttektar á menningartengdri ferðaþjónustu                    | 1.000.000          |
| Styrkur vegna 4. íslenska söguþingsins, í júní 2012                        | 750.000            |
| Rekstur samstarfsnets opinberra háskóla – framlag á fjárlögum              | 115.731.283        |
| Styrkur vegna Norræna ofurtölvuversins Nordic HPS                          | 4.000.000          |
| Kennsla í íslensku táknmáli 2011–2012 – framlag á fjárlögum                | 2.000.000          |
| Styrkur vegna Master Class í safnafræðum                                   | 70.000             |
| Styrkur vegna ráðstefnu til heiðurs Þrání Eggertssyni                      | 100.000            |
| <b>Háskólinn á Akureyri</b>  | <b>900.000</b>     |
| Styrkur vegna samstarfs Íslands og Indlands um jarðskjálftarannsóknir      | 900.000            |
| <b>2012</b>  |                    |
| <b>Háskóli Íslands</b>   | <b>132.956.464</b> |
| Stuðningur til kennslu erlendra nema í íslenskum miðaldafræðum             | 1.400.000          |
| Stuðningur við rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins                   | 1.200.000          |
| Rekstur samstarfsnets opinberra háskóla – framlag á fjárlögum              | 128.006.464        |
| Kennsla í íslensku táknmáli 2012–2013 – framlag á fjárlögum                | 2.000.000          |
| Styrkur vegna opnunar norræns ofurtölvuvers                                | 200.000            |
| Styrkur vegna málþingsins Kyn og kreppa                                    | 150.000            |
| <b>Listaháskóli Íslands</b>  | <b>300.000</b>     |
| Styrkur vegna útskriftarsýningar fatahönnunarnema LHÍ                      | 200.000            |
| Styrkur vegna ferðar Steinunnar Knútsdóttur til Nýju-Delí                  | 100.000            |
| <b>2013</b>  |                    |
| <b>Háskóli Íslands</b>   | <b>157.550.000</b> |
| Rekstur samstarfsnets opinberra háskóla – framlag á fjárlögum              | 157.000.000        |
| Styrkur vegna 80 ára afmælis iþróttakennslu á Laugarvatni                  | 100.000            |
| Styrkur vegna 25th Scandinavian Conference of Linguistics                  | 200.000            |
| Styrkur til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur v. Evrópska tungumáladagsins | 250.000            |

|  |                    |
|--|--------------------|
| <b>Háskólinn á Akureyri</b>  | <b>2.500.000</b>   |
| Styrkur vegna samvinnu Indlands og Íslands um jarðskjálftarannsóknir | 2.500.000          |
| <b>2014</b>  |                    |
| <b>Háskóli Íslands</b>   | <b>115.500.000</b> |
| Stuðningur við rekstur Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins             | 300.000            |
| Rekstur samstarfsnets opinberra háskóla – framlag á fjárlögum        | 95.000.000         |
| Rannsóknasetur HÍ á landsbyggðinni – framlag á fjárlögum             | 20.000.000         |
| Styrkur vegna undirbúnings að gerð íslensk-franskrar orðabókar       | 150.000            |
| Styrkur vegna Jafnréttisdaga HÍ 2014                                 | 50.000             |
| <b>Háskólinn á Akureyri</b>  | <b>16.000.000</b>  |
| Tækjabúnaður og styrking reksturs – framlag á fjárlögum              | 16.000.000         |
| <b>Háskólinn á Bifröst</b>   | <b>16.000.000</b>  |
| Tækjabúnaður og styrking reksturs – framlag á fjárlögum              | 16.000.000         |
| <b>Listaháskóli Íslands</b>  | <b>20.000.000</b>  |
| Flutningar og styrking reksturs – framlag á fjárlögum                | 20.000.000         |
| <b>Hólaskóli – Háskólinn á Hólum</b>                                 | <b>13.000.000</b>  |
| Grunngerð og styrking reksturs – framlag á fjárlögum                 | 13.000.000         |
| <b>Háskólinn í Reykjavík</b>   | <b>20.000.000</b>  |
| Tækjabúnaður og styrking reksturs – framlag á fjárlögum              | 20.000.000         |
| <b>Landbúnaðarháskóli Íslands</b>                                    | <b>13.000.000</b>  |
| Tækjabúnaður og styrking reksturs – framlag á fjárlögum              | 13.000.000         |
| <b>2015</b>  |                    |
| <b>Háskóli Íslands</b>   | <b>55.075.000</b>  |
| Rekstur samstarfsnets opinberra háskóla – framlag á fjárlögum        | 35.000.000         |
| Rannsóknasetur HÍ á landsbyggðinni – framlag á fjárlögum             | 20.000.000         |
| Styrkur vegna jafnréttisdaga HÍ 2015                                 | 75.000             |
| <b>Háskólinn á Bifröst</b>   | <b>15.000.000</b>  |
| Gæðamál og styrking reksturs – framlag á fjárlögum                   | 15.000.000         |
| <b>Listaháskóli Íslands</b>  | <b>29.000.000</b>  |
| Tölvukerfi og húsnæðismál – framlag á fjárlögum                      | 20.000.000         |
| Stuðningur vegna húsnæðismála  | 9.000.000          |
| <b>Hólaskóli – Háskólinn á Hólum</b>                                 | <b>20.000.000</b>  |
| Grunngerð, gæðamál og styrking reksturs – framlag á fjárlögum        | 20.000.000         |
| <b>Landbúnaðarháskóli Íslands</b>                                    | <b>12.000.000</b>  |
| Tækjabúnaður og styrking reksturs – framlag á fjárlögum              | 12.000.000         |
| <b>2016</b>  |                    |
| <b>Háskóli Íslands</b>   | <b>725.000</b>     |
| Styrkur vegna ráðstefnu um táknmálstúlkun                            | 200.000            |
| Styrkur vegna ráðstefnunnar NonfictioNOW                             | 100.000            |
| Styrkur vegna Jafnréttisdaga HÍ 2016                                 | 150.000            |
| Styrkur vegna ráðstefnunnar The Future Fictions                      | 150.000            |
| Styrkur vegna ráðstefnu um Tækniyfifærsluskrifstofu Íslands          | 125.000            |
| <b>Háskólinn á Akureyri</b>  | <b>43.700.000</b>  |
| Kennsla í lögreglufræðum á háskólastigi – framlag á fjárlögum        | 43.700.000         |
| <b>Háskólinn í Reykjavík</b>   | <b>25.000.000</b>  |
| Kennsla í haftengdri nýsköpun í Vestmannaeyjum – framlag á fjárlögum | 25.000.000         |

|  |                      |
|--|----------------------|
| <b>2017</b>  |                      |
| <b>Háskóli Íslands</b>   | <b>58.100.000</b>    |
| Ráðgjafanefnd gæðaráðs háskóla                                       | 4.000.000            |
| Breyting á skírteinisviðauka háskóla á Íslandi                       | 1.000.000            |
| Rekstur samstarfsnets opinberra háskóla – framlag á fjárlögum        | 30.000.000           |
| Þróun fagháskólanáms – framlag á fjárlögum                           | 23.100.000           |
| <b>Háskólinn á Akureyri</b>  | <b>23.100.000</b>    |
| Þróun fagháskólanáms – framlag á fjárlögum                           | 23.100.000           |
| <b>Háskólinn á Bifröst</b>   | <b>7.700.000</b>     |
| Þróun fagháskólanáms í verslunarstjórnun – framlag á fjárlögum       | 7.700.000            |
| <b>Listaháskóli Íslands</b>  | <b>21.700.000</b>    |
| Styrkur vegna flutnings tónlistardeildar                             | 14.000.000           |
| Þróun fagháskólanáms – framlag á fjárlögum                           | 1.540.000            |
| Þróun fagháskólanáms í tónlistarkennslu – framlag á fjárlögum        | 6.160.000            |
| <b>Hólaskóli – Háskólinn á Hólum</b>                                 | <b>7.700.000</b>     |
| Þróun fagháskólanáms – framlag á fjárlögum                           | 7.700.000            |
| <b>Háskólinn í Reykjavík</b>   | <b>76.100.000</b>    |
| Kennsla í haftengdri nýsköpun í Vestmannaeyjum – framlag á fjárlögum | 25.000.000           |
| Þróun fagháskólanáms – framlag á fjárlögum                           | 51.100.000           |
| <b>Landbúnaðarháskóli Íslands</b>                                    | <b>7.700.000</b>     |
| Þróun fagháskólanáms í búrekstrarfræði – framlag á fjárlögum         | 7.700.000            |
| <b>Samtals úthlutun af safnliðum til háskóla 2008–2017</b>           | <b>1.171.361.897</b> |

**Viðauki VII. Skipting árlegra úthlutana af safnliðum. Ákvarðanir á fjárlögum og styrkir til ákveðinna verkefna 2008–2017.**

| <b>Skipting:</b>                   | <b>Krónur</b>     |
|------------------------------------|-------------------|
| <b>Styrkur til verkefna:</b>       |                   |
| 2008                               | 6.283.720         |
| 2009                               | 2.850.000         |
| 2010                               | 13.852.612        |
| 2011                               | 10.444.843        |
| 2012                               | 3.250.000         |
| 2013                               | 3.050.000         |
| 2014                               | 500.000           |
| 2015                               | 75.000            |
| 2016                               | 725.000           |
| 2017                               | 19.000.000        |
| <b>Styrkur til verkefna, alls:</b> | <b>60.031.175</b> |
| <b>Framlag á fjárlögum</b>         |                   |
| 2008                               | 22.792.975        |
| 2009                               | 78.000.000        |
| 2010                               | 10.000.000        |
| 2011                               | 117.731.283       |
| 2012                               | 130.006.464       |
| 2013                               | 157.000.000       |
| 2014                               | 213.000.000       |
| 2015                               | 131.000.000       |

|                                   |                      |
|-----------------------------------|----------------------|
| 2016                              | 68.700.000           |
| 2017                              | 183.100.000          |
| <b>Framlag á fjárlögum, alls:</b> | <b>1.111.330.722</b> |
| <b>Samtals:</b>                   | <b>1.171.361.897</b> |

### Viðauki VIII. Rekstrarafkoma háskóla á tímabilinu 2008–2017.

#### Háskóli Íslands

| Ár    | Rekstrarafkoma millj. kr. | Hlutfall af framlagi ríkis |
|-------|---------------------------|----------------------------|
| 2008  | 246,0                     | 3,4%                       |
| 2009  | 240,5                     | 2,6%                       |
| 2010  | 209,5                     | 2,3%                       |
| 2011  | 256,5                     | 2,8%                       |
| 2012  | -49,3                     | -0,5%                      |
| 2013  | -24,7                     | -0,2%                      |
| 2014  | 52,7                      | 0,5%                       |
| 2015  | -129,8                    | -1,1%                      |
| 2016  | -494,0                    | -3,8%                      |
| 2017* | 1.537,2                   | 11,0%                      |

\*Áætlun

#### Háskólinn á Akureyri

| Ár    | Rekstrarafkoma millj. kr. | Hlutfall af framlagi ríkis |
|-------|---------------------------|----------------------------|
| 2008  | 234,4                     | 15,2%                      |
| 2009  | 22,5                      | 1,6%                       |
| 2010  | 28,6                      | 2,1%                       |
| 2011  | 14,6                      | 1,1%                       |
| 2012  | 15,5                      | 1,1%                       |
| 2013  | 23,6                      | 1,6%                       |
| 2014  | 2,4                       | 0,2%                       |
| 2015  | 11,9                      | 0,7%                       |
| 2016  | 3,1                       | 0,2%                       |
| 2017* | 9,1                       | 0,4%                       |

\*Áætlun

#### Landbúnaðarháskóli Íslands

| Ár    | Rekstrarafkoma millj. kr. | Hlutfall af framlagi ríkis |
|-------|---------------------------|----------------------------|
| 2008  | -149,7                    | -30,7%                     |
| 2009  | 36,1                      | 6,4%                       |
| 2010  | -11,1                     | -14,0%                     |
| 2011  | -76,8                     | -14,0%                     |
| 2012  | -83,8                     | -14,7%                     |
| 2013  | -21,5                     | -3,4%                      |
| 2014  | -10,9                     | -1,7%                      |
| 2015  | 32,5                      | 4,7%                       |
| 2016  | 67,8                      | 9,2%                       |
| 2017* | 163,7                     | 18,2%                      |

\*Áætlun

## Háskólinn á Hólum

| Ár    | Rekstrarafkoma millj. kr. | Hlutfall af framlagi ríkis |
|-------|---------------------------|----------------------------|
| 2008  | 24,8                      | 6,1%                       |
| 2009  | 0,0                       | 0,0%                       |
| 2010  | -6,7                      | -2,6%                      |
| 2011  | -58,0                     | -24,3%                     |
| 2012  | -43,7                     | -14,7%                     |
| 2013  | 20,5                      | 6,7%                       |
| 2014  | -12,3                     | -4,4%                      |
| 2015  | -19,5                     | -5,7%                      |
| 2016  | -14,8                     | -4,3%                      |
| 2017* | -15,3                     | -3,7%                      |

\*Áætlun

## Viðauki IX. Gjöld á ársnema 2000–2016 (á verðlagi 2017).

| Ár   | Heildargjöld (verðlag 2017) | Ársnemar | Gjöld á hvern ársnema |
|------|-----------------------------|----------|-----------------------|
| 2000 | 15.839,8                    | 6.964    | 2,27                  |
| 2001 | 15.833,3                    | 7.764    | 2,04                  |
| 2002 | 17.816,5                    | 8.849    | 2,01                  |
| 2003 | 18.299,5                    | 10.129   | 1,81                  |
| 2004 | 20.783,5                    | 11.345   | 1,83                  |
| 2005 | 24.883,6                    | 11.215   | 2,22                  |
| 2006 | 25.047,4                    | 11.488   | 2,18                  |
| 2007 | 26.240,8                    | 11.612   | 2,26                  |
| 2008 | 28.187,6                    | 12.397   | 2,27                  |
| 2009 | 28.777,7                    | 13.850   | 2,08                  |
| 2010 | 27.542,8                    | 14.142   | 1,95                  |
| 2011 | 27.061,2                    | 14.306   | 1,89                  |
| 2012 | 27.450,4                    | 14.180   | 1,94                  |
| 2013 | 27.889,5                    | 14.514   | 1,92                  |
| 2014 | 27.616,9                    | 14.501   | 1,90                  |
| 2015 | 27.415,1                    | 14.342   | 1,91                  |
| 2016 | 28.131,6                    | 13.918   | 2,02                  |

## Viðauki X. Reikniflokkar háskóla 2017 og 2018.

| Reikniflokkur   | Verð, þús. kr. án frádráttarliða |         |         |         |
|---|----------------------------------|---------|---------|---------|
|   | 2018                             |         | 2017    |         |
| Aðfarnám að námi á háskólastigi   | 771,6                            | 696,6   | 721,4   | 646,4   |
| Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað hliðstætt nám         | 854,2                            | 779,2   | 721,2   | 646,2   |
| Nám á sviði tölvunarfræði og stærðfræði og annað hliðstætt nám                          | 1.137,7                          | 1.062,7 | 1.064,8 | 989,8   |
| Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu                        | 1.183,2                          | 1.108,2 | 1.033,2 | 958,2   |
| Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem felst m.a. í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga         | 1.517,1                          | 1.442,1 | 1.358,3 | 1.283,3 |
| Nám í raunvísindum, verk- og tæknifræði sem krefst verklegra æfinga og sérhæfðs búnaðar | 1.574,8                          | 1.499,8 | 1.472,4 | 1.397,4 |

| Reikniflokkur   | Verð, þús. kr. án frádráttarliða |         |         |         |
|---|----------------------------------|---------|---------|---------|
|   | 2018                             |         | 2017    |         |
| Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs |                                  |         |         |         |
| búnaðar og þjálfun  | 2.160,4                          | 2.085,4 | 1.919,1 | 1.844,1 |
| Nám í tannlækningum   | 3.202,2                          | 3.127,2 | 2.987,1 | 2.912,1 |
| Listnám – myndlist  | 2.177,8                          | 2.102,8 | 2.039,1 | 1.964,1 |
| Listnám – danslist  | 2.548,0                          | 2.473,0 | 2.382,0 | 2.307,0 |
| Listnám – tónlist   | 2.616,8                          | 2.541,8 | 2.443,5 | 2.368,5 |
| Listnám – leiklist  | 4.204,8                          | 4.129,8 | 3.777,5 | 3.702,5 |
| Listnám – hönnun og arkitektúr                                | 1.830,3                          | 1.755,3 | 1.714,3 | 1.639,3 |
| Hestafræði í Hólaskóla – Háskólanum á Hólum                   | 2.022,4                          | 1.947,4 | 1.855,9 | 1.780,9 |
| Starfsmenntanám í Landbúnaðarháskóla Íslands                  | 1.917,1                          | 1.842,1 | 1.681,2 | 1.606,2 |